

Mál nr. 424/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um hvort tjóni hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Snemma morguns 12. apríl 2016 ók M bifreið sinni, A, á miðeyju á Vatnsendavegi í Kópavogi við hringtorg á gatnamótum Vatnsendavegar og Vatnsendahvarfs. Nokkrar skemmdir voru framan á A og framrúða sprungin ökumannsmegin. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi verið á leið frá heimili sínu og ekið á 45-50 km hraða á klst. Hún hafi verið að tala í síma, ekki verið að horfa á veginn og ekki verið í öryggisbelti þegar slysið varð. Hafi hún skolið með höfuðið í framrúðuna.

A var vátryggð hjá V, þ. á m. lögmælti slysatryggingu ökumanns og eiganda. Hefur M krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við óhappið. V hefur fallist á bótaskyldu en að bæturnar beri að skerða um helming þar sem M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður í vátryggingu eins og hér um ræðir hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á því hver ábyrgð félagsins skuli vera skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 91/2001 um breyting á þeim, er ökumanni vélknúins ökutækis við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Gegn þessu ákvæði braut M alvarlega. Þá hafði hún heldur ekki gætur á veginum sem framundan var. Með þessu aksturslagi sýndi M verulegt gáleysi sem verður metið henni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Þegar litið er til þess hversu alvarleg sök M var þykir eftir atvikum öllum rétt að réttur M til bóta úr slysatryggingunni skerðist um helming og hún beri tjón sitt sjálf að helmingi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.